



**59. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar**  
fimmtudaginn, 2. október, 2003, kl. 17:30 á skrifstofu bæjarins.

Formaður bæjarráðs, Valdimar Guðmannsson, setti fund og stjórnaði honum. Mæting skv. undirskriftum.

**Dagskrá:**

1. Atvinnumál.
2. Fundargerð 11. ársþings SSNV.
3. Fundargerð héraðsráðs frá 23. september sl.
4. Erindi frá skólastjóra varðandi umferðaröryggi skólabarna.
5. Fundarboð stjórnar húseigendafélagsins að Þverbraut 1
6. Rafbréf vegna hlutabréfa í KH.
7. Erindi vegna fráveitumála í dreifbýli.
8. Starfsmannamál – félagsstarf aldraðra.
9. Önnur mál.

**Afgreiðslur:**

1. Atvinnumál.  
*a. Málefni bókuð í trúnaðarbók*
2. Fundargerð 11. ársþings SSNV.  
*Lögð fram til kynningar.*
3. Fundargerð héraðsráðs frá 23. september sl.  
*Lögð fram til kynningar.*
4. Erindi frá skólastjóra varðandi umferðaröryggi skólabarna.  
*Í erindinu fjallar skólastjóri um að mikið vanti uppá að umferðaröryggi barna sé nægilega vel tryggt í bæjarfélaginu. Nefnir hann m.a. að hringakstur sé ill mögulegur á bifreiðastæði skólans og að nemendur þurfi að fara yfir nokkrar götur á leið í kennslugreinar sem kenndar eru í Kvennaskólanum. Bæjarstjóra falið að kynna tæknideild málið.*
5. Fundarboð stjórnar húseigendafélagsins að Þverbraut 1.  
*Boðað er til almenns fundar í félaginu, þriðjudaginn, 7. október nk. kl 14 í fundarsal Samstöðu. Bæjarstjóri sækir fundinn f.h. sveitarfélagsins.*
6. Rafbréf vegna hlutabréfa í KH.  
*Í erindi KH hf. kemur fram að í undirbúningi er að gefa út hlutabréf í félaginu og er stærstu hluthöfum boðið að velja með hvaða hætti þeim verði skipt. Bæjarráð felur bæjarstjóra að ganga frá erindinu.*
7. Erindi vegna fráveitumála í dreifbýli.  
*Í erindi Hjartar Einarssonar óskar hann eftir því að fráveitumálum á lögbylínu í Hnjúkahlíð verði komið í viðunandi horf með því að sett verði niður rotþró. Erindinu frestað til næsta fundar. Bæjarstjóri vék af fundi meðan fjallað var um erindið vegna skyldleika við málið.*



**8. Starfsmannamál – félagsstarf aldraðra.**

*Í bréfi segir Sigríður Ingimundardóttir upp starfi sínu við félagsstarf aldraðra á Blönduósi frá og með 31. desember nk.*

**9. Önnur mál.**

*a) Ágúst Þór Bragason óskar eftir því að málefni Félagsheimilisins á Blönduósi verði tekin til umræðu á næsta bæjarstjórnarfundum.*

***Fundargerð upplesin og samþykkt.***

***Fundi slitið kl. 19:00.***

Jóhanna G. Jónasdóttir (sign.)  
Valdimar Guðmannsson (sign.)  
Ágúst Þór Bragason (sign.)

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)